



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 17. september 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson (námsleyfi)

1. Ráðning framkvæmdastjóra

Jónína, Sigurbjörn og Inga búin að hitta nokkra umsækjendur og ræða við þá. Einn umsækjanda varð talin hæfastur og var valið samþykkt í stjórn. Jónína og Sigurbjörn ganga til samninga við viðkomandi.

2. Pitturinn og fundur með heilbrigðiseftirliti

Fundur var haldin með Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar og Kópavogs vegna taðlosunar á pittinn, frágangur á taðkörum Kópavogsmeginn var einnig til umræðu. Heilbrigðiseftirliti bannaði frekari taðlosun. Von er á formlegu bréfi frá nefndinni um framhaldið. Þetta mál þarf að taka fyrir á næsta félagsfundi ásamt því að senda út tilkynningu um málið.

3. Taðkörin og næsti skref á félagssvæði Sprettis

Hermann og Katla hittu Kristínu Njál's fyrir hönd húseiganda á „taðkarasvæðinu“ til skrafs og ráðagerða um framhaldið. Húseigendur vilja endilega finna lausn á málinu í samvinnu við Sprett.

4. Þátttakendur Sprettis á Landsþingi LH

Byrja að ræða þátttakendalista á Landsþingi, verður haldið áfram á næsta fundi.

5. Siðareglur og aðgerðaráætlun til samþykktar

Nokkrir vel valdir aðilar eru búnir að lesa yfir siðareglurnar og aðgerðaráætlunina. Samþykkt af stjórn og verður kynnt félagsmönnum á Félagsfundinum.

Þórdís er að vinna Afrekststefnu Sprettis, verður klárt til yfirlstrar á næstu dögum.

6. Spónasala til félagsmanna

Eftir að hafa skoðað málið hefur stjórn ákveðið að hafa ekki beina milligöngu með spónasölu. Stjórnin er með í skoðun að ræða við spónasala um afslátt fyrir félagsmenn. Sigurbjörn vinnur málið áfram.

7. Kveðjugjöf til Lilju á félagsfundinum

Rætt var um kveðjugjöf til handa Lilju á Félagsfundinum.

8. Fundargerðir á netið

Stefnt að því að koma útistandi fundargerðum á heimasíðuna sem fyrst.

9. Önnur mál

Snorri Trausta sendi fyrirspurn með aðstöðu vegna námskeiðs fyrir Waldorfskólann. Davíð svarar.

Fyrirspurn um leigu á Hattarvallahöllinni v/Hjólabrautar 12 okt., Katla svarar.

Fara þarf yfir lyklamál á svæðinu. Hermann tekur það að sér ásamt því að heyra í Ara Loftorku með þær framkvæmdir sem hann er með í gangi á svæðinu.

Laga þarf hurðir á Húsasmiðjuhöllinni. Hermann og Bjössi taka það.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson